



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

8. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn þriðjudaginn 7. maí 2019 og hófst kl. 20,15. Fundurinn var haldinn í þjónustuhúsi safnsins að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt voru Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Lýður Pálsson safnstjóri sat einnig fundinn og skrifaði fundargerð. Fundargerðin var skráð í tölvu.

**1. Bókun vegna fasteigna.** Í framhaldi af samþykki aðildarsveitarfélaga um kaup á fasteigninni Búðarstíg 22, Eyrarbakka fasteignanúmer F2200019 og sölu á fasteigninni Hafnarbrú 3, Eyrarbakka fasteignanúmer F2258699 samþykkir stjórn eftirfarandi bókun:

*Stjórn Byggðasafns Árnesinga samþykkir hér með að veita Lýði Pálssyni kt. 300666-2999 fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Byggðasafns Árnesinga að undirrita öll skjöl er varðar kaup á Búðarstíg 22, Eyrarbakka fasteignanúmer F2200019 og sölu á Hafnarbrú 3, Eyrarbakka fasteignanúmer F2258699 þ.m.t. kaupsamninga, afsöl, lögskilauppgjör og lánaskjöl.*

**2. Þóknun fyrir bygginganefndarstörf.** Stjórn safnsins samþykkir að greitt verði fyrir bygginganefndarfundi eins og fyrir stjórnarfundi. Bygginganefndalaun og allur útlagður kostnaður vegna þeirra millifærast af byggingareikningi inn á aðalreikning safnsins. Leitast verður við að samræma fundi stjórnar og bygginganefndar og greiða þá sem einn eftir því sem kostur er.

**3. Bréf til Mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna stofnstyrks.** Lögð voru fram drög að bréfi vegna óskar um 25 milljóna styrks vegna stofnframkvæmda safnsins. Erindið var rætt og samþykkt.

**4. Bréf frá Safnaráði.** Lagt fram bréf frá Safnaráði um úthlutun styrkja til Byggðasafns Árnesinga. Nema þeir 2.450.000 krónum og skiptast í rekstrarstyrk að upphæð 1.000.000 kr. og tvo verkefnastyrki, Rófubóndinn, sýning, fær 550.000 kr. og Varðveisla safngripa til framtíðar 900.000 kr. Samþykkt að tillögu safnstjóra að ráða Natalie Jacqueminet forvörð sem ráðgjafa við verkefnið Varðveisla safngripa til framtíðar.

**5. Nýtt lén kynnt.** Af óviðráðanlegum orsökum missti safnið af léni sínu [www.husid.com](http://www.husid.com) og er það ekki virkt lengur en hægt að kaupa það fyrir 725 þúsund króna á erlendum markaði. Búið er að festa safninu lénið [www.byggdasafn.is](http://www.byggdasafn.is) af íslenskum aðilum og er það nú veffang safnsins.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp, undirrituð og fundi slitið kl. 21.

*Árni Eiríksson  
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir  
Eggert Valur Guðmundsson  
Lýður Pálsson*